

Fundargerð 1001. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 28. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 1000. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 1000. fundar stjórnar Sambandsins frá 9. júní 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fundir Jónsmessunefndar 2025-2026 - 2608029SA

Lagðar fram fundargerðir 41.- 55. fundar samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar.

3. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA

Lögð fram fundargerð 12. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 27. maí 2026.

4. Drög að starfsreglum stjórnar Sambandsins - 2606001SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar Sambandsins 9. júní 2026, en þá var yfirlögfræðingi falið að vinna áfram að drögunum miðað við umræður á fundinum. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir breytingunum.

Stjórn vísar starfsreglum til nýrrar stjórnar til umfjöllunar og afgreiðslu með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum.

5. Drög að stefnumörkun Sambandsins - 2601020SA

Lögð fram að nýju drög að stefnumörkun Sambandsins, áður á dagskrá stjórnar Sambandsins 9. júní 2026, en þá var starfsfólki falið að vinna vinnuskjalið áfram.

Stjórn samþykkir drögin og felur starfsfólki að ganga frá skjalinu og senda drög að stefnumörkun á fulltrúa sem sitja landsþing Sambandsins.

6. Drög að dagskrá landsþings Sambandsins - 2509272SA

Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins fór yfir dagskrána og skipulag þingsins.

Stjórn felur starfsfólki að halda áfram undirbúningi í samræmi við samþykktir Sambandsins.

7. Breytingar á samþykktum Sambandsins - 2509047SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 19. ágúst 2026, um tillögur að breytingum á samþykktum Sambandsins fyrir landsþing 2026 sem meðal annars komu úr vinnu millipinganefndar. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir tillögu að breytingum á samþykktum Sambandsins.

Stjórn samþykkir að vísa tillögum um breytingum á samþykktum til Landsþings með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum.

8. Drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga - 2510014SA

Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins gerði grein fyrir dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2026.

Starfsfólki falið að vinna málið áfram.

9. Rammasamningur við STEF - 2509055SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 24. ágúst 2026, um rammamning við STEF, ásamt fylgiskjöllum.

Stjórn samþykkir að fela starfsfólki að ganga frá rammamningi við STEF og jafnframt að kynna samninginn fyrir sveitarfélögunum og hvað hann felur í sér ef þau kjósa að nýta sér hann.

10. LIFE-TA-PRE-CIRCLE of LIFE - 2509118SA

Lagt fram minnisblað sérfræðings í styrkjamálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, dags. 12. ágúst 2026, um Circle of LIFE. Gyða Einarsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir minnisblaðinu.

11. LIFE-TA-PRE-IceNAP - 2509005SA

Lagt fram minnisblað sérfræðings í styrkjamálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, dags. 12. ágúst 2026, um IceNAP. Gyða Einarsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir minnisblaðinu.

12. Endurtilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2601014SA

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tilnefnt Finn Ricart Andrason, sérfræðing í umhverfismálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, sem aðalmann verkefnisstjórn loftslagsmála í stað Helgu Maríu Pálsdóttur, og hefur Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, verið tilnefnd sem varamaður í stað Finns.

13. Tilnefning í stefnuráð - 2605480SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 10. júní 2026, þar sem Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar Sambandsins, er tilnefndur sem aðalfulltrúi í stefnuráð, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, til vara.

14. **Tilnefning í Faggildingarráð - 2604022SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Faggildingarsviðs Hugverkastofu, dags. 10. júní 2026, þar sem Silvá Kjærnested, deildarstjóri byggingarmála hjá Reykjavíkurborg, er tilnefnd í Faggildingarráð.
15. **Tilnefning í stjórn Sprotasjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla - 2606007SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst 2026, þar sem Hilmar Már Arason, er tilnefndur sem aðalfulltrúi í stjórn Sprotasjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla, og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, til vara.
16. **Umsögn um frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum - 2606012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 9. júní 2026, um frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum, 684. mál.
17. **Umsögn um áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla - 2606009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. júní 2026, um áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla, mál nr. S-94/2026.
18. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - 2606020SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. júní 2026, um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (Gjaldaákvæði hafnalaga), mál nr. S-93/2026.
19. **Umsögn um drög að svari Íslands við spurningalista sérfræðinefndar SP um réttindi fatlaðs fólks - 2606017SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 18. júní 2026, um svar Íslands við spurningalista (List of Issues) sérfræðinefndar SP um réttindi fatlaðs fólks - drög, mál nr. S-97/2026.
20. **Umsögn um drög að aðgerðaáætlun um líffræðileg fjölbreytni - 2606023SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. júní 2026, um drög að aðgerðaráætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030, mál nr. S-96/2026.
21. **Umsögn um drög að aðgerðaáætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun fyrir árin 2026-2030 - 2606025SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 25. júní 2026, um drög að aðgerðaráætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun 2026-2030, mál nr. S-98/2026.

22. **Umsögn um drög að skýrslu vegna allsherjarúttekta Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála - 2607006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. júlí 2026, um drög að skýrslu Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála, mál nr. S-106/2026.
23. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um orkunýtni - 2607008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 6. júlí 2026, um áform um frumvarp til laga um orkunýtingu, mál nr. S-103/2026.
24. **Umsögn um áform um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 2608017SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 11. ágúst 2026, um áform um breytingu á lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, mál nr. S-128/2026.
25. **Umsögn um drög að reglugerð um aðstoðarmannakort fatlaðs fólks - 2608012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 11. ágúst 2026, um drög að reglugerð um aðstoðarmannakort fatlaðs fólks, mál nr. S-63/2026.
26. **Umsögn um frumvarp til laga um barnavernd - 2608020SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 11. ágúst 2026, um frumvarp til laga um barnavernd, mál nr. S-140/2026.
27. **Umsögn um breytingar á reglugerðum vegna einföldunar eftirlits - 2608027SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 17. ágúst 2026, um breytingar á reglugerðum vegna einföldunar eftirlits, mál nr. S-113/2026.
28. **Umsögn um hvítbók um byggðamál - 2607012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2026, um hvítbók um byggðamál, mál nr. S-104/2026.
29. **Umsögn um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku - 2608025SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2026, um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, mál nr. S-123/2026.

30. Umsögn um forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi - 2608026SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2026, um forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi, mál nr. S-105/2026.

Fundi var slitið kl. 12:35